

Akureyri, 5. apríl 2024

Tilv. 2023-06-19-0222

---

*Efni: Umsögn Verðlagsstofu skiptaverðs vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 13/1998 (Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna (forstaða og stafrænt aðgengi)) – mál nr. 847*

---


Verðlagsstofa skiptaverðs vísar til umsagnarbeiðni sem barst með tölvupósti þann 25. mars 2024 frá nefnda- og greiningarviði Alþingis, fyrir hönd atvinnuveganefndar. Um er að ræða frumvarp til breytinga á lögum nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Meginefni frumvarpsins snýr að skýrari heimildum stofnunarinnar til stafræns aðgengis að gögnum, auk skýrari heimildar ráðherra er varðar forstöðu hennar.

Verðlagsstofa tekur undir þær röksemdir sem koma fram í greinagerð með frumvarpi þessu, er varða skýrari aðgangsheimild að upplýsingum sem annað stjórnvald safnar um útflutningsverð og ráðstöfun fisks. Þrátt fyrir að núgildandi lög veiti Verðlagsstofu heimild til slíkrar gagnasöfnunar til Skattsins, er uppi ágreiningur um á hvaða formi veiting upplýsinganna má vera. Með lagabreytingu er tekinn af sá vafi og heimild Verðlagsstofu til aðgangs og greiningar á afurðaverði styrkt.

Síðan löggin tóku gildi árið 1998 hefur orðið mikil tækni- og stafræn þróun. Mikilvægt er að uppfæra lög í samræmi við þá þróun, auknar kröfur um meiri skilvirkni og samvinnu ríkisstofnana þannig að hægt sé nýta þá fjármuni betur sem stofnuninni er falið. Að mati Verðlagsstofu munu þær breytingar sem koma fram í 2. gr. þessa frumvarps koma til með að gera stofnuninni kleift til að sinna betur hlutverki sínu sem eftirlitsaðili með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Virðingarfyllt,  
f.h. Verðlagsstofu skiptaverðs

  
JÓHANN ÞÓRHALLSSON  
DEILDARSTJÓRI

  
EYRÚN E. MARINÓSDÓTTIR  
SÉRFRÆÐINGUR